

Mál nr. 228/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

### Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. ágúst 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 25. ágúst 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð 10. september 2019 þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið sem M ók. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um tveimur árum síðar hafi M gert kröfu á V, ábyrgðartryggjanda X, vegna líkamstjóns sem hann telur að hafi orðið við áreksturinn. Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn um heimsóknir M til læknis, en fyrst er minnst á fyrrnefndan árekstur í heimsókn M til læknis hinn 30. júlí 2020. Í gögnum málsins eru líka upplýsingar um eldra slys frá árinu 2011 sem og álit heimilislæknis í vottorði dags. 18. maí 2022 þar sem kemur fram það álit að slys sé valdur að stoðkerfisverkjum M og að hluta til andlegri vanlíðan hans.

M rökstyður kröfu sína um bætur fyrir líkamstjón með því að hann hafi bæði andlegar og líkamlegar afleiðingar af árekstrinum 10. september 2019 og bein orsakatengsl séu milli þeirra og árekstursins. M vísar til þess að hann hafi ekki leitað strax til læknis eftir áreksturinn þar sem hann hafi verið í mikilli kannabisneyslu og það hafi ekki verið fyrir en hann fór að draga úr þeirri neyslu sem hann hafi hafi fundið réttilega fyrir afleiðingum hans. M vísar til ítrekaðra læknisheimsókna M eftir 30. júlí 2020 og að í þeim hafi M lýst krónískum verkjum í hálsi, herðum og baki sem læknað rekji beint til árekstursins 10. september 2019.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi sönnunarbyrði um að orsakatengsl séu fyrir hendi milli áreksturs og þess líkamstjóns sem lýst er af hálfu M hjá læknum og öðrum meðferðaraðilum. V telur orsakatengslin ósönnuð og vísar til þess að 10 mánuðir hafi liðið frá árekstrinum þar til M leitaði til læknis og lýsti stoðkerfiseinkennum og eftir atvikum öðrum einkennum sem hann taldi hægt að rekja til árekstursins. V telur því samtímagögn ekki liggja fyrir og einkenni sem M lýsir almenn, auk þess sem hann hafi haft svipuð einkenni vegna annars slyss um níu árum fyrr. Einnig vísar V til þess að niðurstöður myndgreininga bendi til þess að M sé með slitbreytingar í hrygg og ekki sé sýnt að þar sé um afleiðingar áverka að ræða. Einnig vísar V til andlegra erfiðleika sem M hafi glímt við áður en áreksturinn varð árið 2019 og umfjöllunar í Hrd. 89/2006, Hrd. 683/2009 og Hrd. 21/2016 til stuðnings röksemdum sínum. V mótmælir sönnunargildi ályktunar heimilislæknis M þar sem þar liggja helst til grundvallar frásögn M sjálfs.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli liggur fyrir að M leitaði ekki til læknis vegna afleiðinga áreksturs 10. september 2019 fyrr en um 10 mánuðum eftir áreksturinn. Ekki liggur fyrir af gögnum málsins að einkenni M séu sértæk vegna áverka við högg eins og árekstur, ekki liggur heldur fyrir heildstætt mat á því, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu hvort og þá hvernig einkenni M tengist fyrra heilsufari, kannabisneyslu hans eða öðru. Ályktun heimilislæknis verður ekki lögð til grundvallar ein og sér á meðan ekki liggur fyrir t.d. læknisvottorð frá sérfræðingum eða eða álits- eða matsgerð annarra meðferðaraðila eða hæfra og óvilhallra manna um mögulegt líkamstjón M af völdum árekstursins.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs 10. september

2019 og á hann því ekki rétt á bótum á grundvelli fyrirbyggjandi gagna úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir